



Uppskeruhátíð í Húnabyggð Söguslóðir, samvera og útivist

Helgina 25. -27. ágúst verður uppskeruhátíð í tengslum við Vatnsdælu- og Þrístapa verkefni sem unnin hefur verið að um nokkurt skeið. Nýjar og gamlar gönguleiðir verða kynntar, saumað verður í Vatnsdælu- og nýjar hlaupaleiðir prófaðar.

Endastöð allra leiða er í Þórdísarlundi í Vatnsdal þar sem boðið verður upp á hressingu og skemmtiatriði að hlaupunum loknum. *Nánar um hlaupin á hlaup.is*

Dagskrá í Þórdísarlundi laugardag á meðan beðið er eftir hlaupurum í mark
kl. 15 -17

- Hestaleigan Galsi býður börnum á hestbak.
- Berglind Björnsdóttir segir frá Vatnsdælu á mannamáli.
- Einar Kárasón segir frá ferðum Sturlunga og Grettis á svæðinu.
- Leikir og létt gaman saman.
- Samsöngur og gítarspil með Elvari Loga.
- Boðið upp á heilgrillað lamb og meðlæti.

Hestaleigan Galsi býður börnum á hestbak.

Sögu og útsýnisganga á Hofi

föstudagur kl. 20. Gengið frá minnisvarða um Ingimund gamla sunnan við afleggjara heim að Hofi og upp með Grjótá í fylgd Jóns bónda. Auðveld og þægileg ganga í hlíðum Vatnsdalsfjalls um 500 metra leið. Þarna erum við í hjarta söguviðs Vatnsdælu og getum átt von á fróðleiksmolum frá núverandi ábúanda á landnámsjörðinni.

Fossaganga í Forsæludal

laugardagur kl. 10:30. Fossaganga í boði Þóru í Forsæludal. Gengið upp með Vatnsdalsá fram hjá fossum og flúðum í tugatali. Gönguleiðin er um 10 km að Skínanda sem er efsti fossinn en hún mun ganga með gesti fram að Hlaupinu sem er steinbrú á Friðmundará. Þaðan er auðveld leið til að halda áfram á eigin vegum og taka daginn í gönguna. Kjörrið tækifæri til að kynna þessari náttúrperlu. Mæting við íbúðarhúsið í Forsæludal.

Hundur í óskilum

laugardag kl. 21 með tónleika í Krúttinu. Miðar seldir á tix.is.

Listakot Dóru Vatnsdalshólum.

laugardag frá kl. 13-15 og kl. 17-19. Sunnudag kl. 13-18. Þemasýningin Óskasteinninn í Tindastól, ásamt list og handverki. Erum á facebook.

Öxin, Agnes og Friðrik að Þrístöpum,

laugardagur kl.13 og sunnudagur kl.16. Sagnamaðurinn Magnús á Sveinsstöðum mun taka á móti gestum á bílastæðinu við Þrístapa og ganga með gestum um söguvið síðustu aftöku á Íslandi. Þar mun hann flytja inntak sögunnar um þau Agnesi og Friðrik og segja frá aftökunni sem fór þar fram árið 1830.

Sundlaugin á Blönduósi

er opin föstudag kl. 06:30-17, laugardag og sunnudag kl. 10-16. Laugardaginn 26. ágúst er Umhyggju-dagurinn og í tilefni af honum verður frítt í sund þennan dag. Glæðingur fyrir krakka meðan birgðir endast.

Njálsbrennusaga og Flugumýrartvist

sunnudag kl.13 með Einar Kárasyni, í Krúttinu.

Tinni á Íslandi

laugardag kl.11-14 og sunnudag kl.11-17. Óskar Guðmundsson opnar sýninguna í Krúttinu á föstudag kl 18. Pubquiz eftir opnun sýningar á föstudag, barinn opin og súpa til sölu.

Hestaleigan Galsi

býður börnum á hestbak við Þórdísarlund kl.15-17. Hefðbundinn opnunartíma alla helgina með fastar ferðir kl.10 og 13. www.steinnes.is/is/hestaleigan-galsi-steinnesi

Vatnsdalshólar

laugardagur kl.11. Dóra í Vatnsdalshólum kynnir nýja og spennandi gönguleið um hólana þar sem gengið er að hluta til um aldagamlan veg sem var hluti af fyrsta kerruvegi norður í land, þar mun hún sýna hleðslur sem afi hennar vann við og segja sögur af honum en hann gaf Húnavetningafélaginu land til skógræktar í Þórdísarlundi. Eftir gönguna er upplagt að skoða sýninguna um Óskasteinninn í Tindastóli í Listakoti Dóru.

Saumað í Vatnsdælu- og Þrístapa

föstudagur kl.16-18, laugardagur kl.11-13 og sunnudagur kl.13-15. Í Kvennaskólanum á Blönduósi. Öllum velkomið að koma og setja sín spor í refileinn.

Sveitaverslunin á Hólabaki

Opið alla helgina kl.12-17. Verða með valdar vörur á tilboði og matar-handverk úr ýmsum áttum til sölu. tundra.is.

Heimilisiðnaðarsafnið,

opið alla daga frá kl. 10-17 í Árbraut 29.



HÓLABAK
Sveitaverslun



Steinnes



BLÖNDUÓS
HÓTEL



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA